


JARÐVEGSSKIFTI UNDIR SÖKKLUM:

Sé jarðvegur talinn of laus til að steypa megi á honum sökkla, skal grafa allt slíkt efni burt niður á fastara jarðlag. Uppgróftur skal að minnsta kosti ná jafnlangt út fyrir sökkla og dýpt uppgrafter undir sökklum er.

Fylla skal síðan í grunninn með viðurkenndu fyllingarefni, hrauni, sjávarmól eða leir- og moldarfrírri grús og skal þjappa fyllinguna í lögum með vibrationsþjöppu. Skal þjöppunin ná a.m.k. sömu gæðum og fæst með 5 umferðum 1to. vibrationsvartara þegar grús er fyllt í 60cm lögum. Þegar grús er notuð í fyllinguna skal væta hana rækilega jafnhliða þjöppuninni.

Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og teiknistofu s. 84599 varðandi fyllingarefni sem notað er og tiltæk tæki til þjöppunar.



BREIDD SÖKKLA:

Sökkla steypir á klópp eða móhelli, $B=20\text{cm}$

Sökkla steypir á þjappað sand- eða malarlag, $B=25\text{cm}$.

SKÝRINGAR:

UPPGRÓFTUR:

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg úr grunninum svo sem mold og mó, Grafa skal fyrir sökklum niður á nægilega traustan jarðveg. Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstaði hússins.

ÁLAG Á SÖKKLA:

Álag á sökkla undir einingahúsum, án kjallara er $1,7\frac{t}{m}$ eða $8,5\frac{t}{m^2}$ við $0,2\text{m}$ breiða sökkla og $6,8\frac{t}{m^2}$ við $0,25\text{m}$ breiða sökkla.

UPPSLÁTTUR SÖKKLA:

Uppsáttur sökkla sé rækilega afstífaður og skal vera nákvæmlega í réttri hæð, og réttri línu. Sérstaklega þarf að vanda uppsátt sökkla.

DÝPT SÖKKLA:

Neðri brún sökkla sé a.m.k. 120cm fyrir neðan jarðvegsyfirbord, nema klópp sé ofar, þá er lágmarkshæð sökkla 40cm .

JÁRNALÖGN SÖKKLA:

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögð um minnst 60cm .

STEYPA SÖKKLA:

Öll steypa S 200 með sigmáli 9cm og lofti 4% .

EINANGRUN SÖKKLA:

Sökkla skal einangra með $2"$ frauðplasti, sem líma skal á sökkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k. 50cm niður á sökkulveggina og undir alla gólfplötuna.

FYLLING Í SÖKKLA:

Eftir að sökkla hafa verið steypir, skal fylla upp undir gólfplötu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í 30cm lögum. Sérstaka áherslu skal leggja á að þjappa plötumíðjur svo engin hætta sé á að fyllingin sígi undir plötunni. Sé hraun notað skal holufylla yfirborðið með sandi. Ekki skal grafa fyrir frárennslislögnum fyrr en fyllingin hefur verið þjöppuð.

ÚRTÖK FYRIR LAGNIR:

Sjá lagnateikningar.



AVÍK 1.11.82	HUSASMÍDJAN H SÚÐAVOGI 3-5, RVÍK. SÍMI 84599	GERD NR.
REIKN. TEIKN. SS S65 YFIRF.	LYNGBARÐ 5	VERK NR. \$745
MÆLIKV. 1:5	SKÝRINGAR VIÐ SÖKKLA-STEINHÚSA	TEIKN NR. 10